

34. fundur sveitarstjórnar, aukafundur, Végarði 17.12 2019, kl. 16:00

Mætt: Jóhann , Anna Jóna , Gunnþórunn og Eiríkur. Lárus er væntanlegur og mætti kl. 16:30

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá

1. Menntastyrkir

- a) Hörður Guðmundsson
- b) Sigríður Björnsdóttir

2. Viðauki 2, við fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2019

3. Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2020 og 2021-2023, önnur umræða

4. Önnur mál

1. Menntastyrkir

- a) Hörður Guðmundsson. Vegna torfhleðslunámskeiðs. Samþykktur styrkur að upphæð kr. 39.000,-
- b) Sigríður Björnsdóttir, vegna náms í vefnaði í Danörku. Samþykktur hámarksstyrkur.

Lárus kom til fundar

2. Viðauki 2, við fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2019

Sveitarstjórn leggur til eftirfarandi viðauka við fjárhagsáætlun 2019

Deild 1384 Ýmsir styrkir og framlög (Aðalsjóður): Útgjöld umfram það sem gert var frá fyrir í fjárhagsáætlun: Framlag til samfélagssjóðs (séreignasjóðs) kr. 70.000.000,- og framlag til Landbótasjóðs Fljótsdalshrepps kr. 10.000.000,- . Gjöld samtals kr. 80.000.000,-

Deild 2159 Ýmis ótilgreindur kostnaður (Aðalsjóður). Útgjöld umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun : Sérfræðiþjónusta kr. 2.000.000,-. Gjöld samtals kr. 2.000.000,-

Deild 13 (Eignasjóður) Vöru- og þjónustukaup: Laugarfell. Útgjöld umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2.500.000,-. Gjöld samtals kr. 2.500.000,-.

Nettóbreyting viðauka nemur kr. 84.500.000,-, Viðaukanum verður mætt með lækkun á handbæru fé um 84.500.000,- kr.

Viðauki samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

3. Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2020 og 2021-2023, önnur umræða

Áætlun borin upp og samþykkt samhljóða.

Áætluð afkoma ársins 2020 er með afskriftum áætluð neikvæð (A og B hluti) 20,9 millj. Afskriftir eru áætlaðar 30,5 millj. Fjárfestingar eru áætlaðar samtals 141 millj. og eru áhaldahús/skemma, þjónustuhús við Hengifossá, endurbætur utanhúss á félagsheimilinu Végarði og íbúðarhúsauppbygging. Óháður aðili verður fenginn til að leggja mat á áhrif fjárfestinga á fjárhag sveitarfélagsins m.t.t. 66. gr. sveitarstjórnarlaga.

Fjárhagsáætlun 2021-2023

Áætlun borin upp og samþykkt samhljóða.

Áætluð afkoma ársins 2021 (A og B hluti) er með afskriftum neikvæð 3,4 millj. Fjárfestingar áætlaðar 120 millj. Áætluð afkoma ársins 2022 (A og B hluti) með afskriftum er neikvæð 3,5 millj. Áætlaðar fjárfestingar 80 millj. Áætluð afkoma ársins 2023 með afskriftum (A og B hluti) er áætluð jákvæð 22,5 millj. Áætlaðar fjárfestingar 20 millj. Handbært fé í lok tímabils er áætlað 54,7 millj.

4. Önnur mál

Engin önnur mál tekin fyrir.

Fundi slitið klukkan 17:40

Lárus ritaði fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)